

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness þriðjudaginn 25. september 2007 í máli nr. S-359/2007:

Ákærvaldið

(Laufey Kristjánsdóttir ftr.)

gegn

Ingólfi Flygenring

(Jónas Þór Guðmundsson hdl.)

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. september sl. er höfðað með tveimur ákærum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Er sú fyrri gefin út 10. apríl 2007, á hendur Ingólfi Flygenring kt.071048-4709, Fagrahvammi 10, Hafnarfirði „fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa ekið bifreiðinni SU-228, að kvöldi laugardagsins 10. mars 2007, undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 1,81%) á Hafnarfjarðarvegi í Garðabæ, uns lögregla stöðvaði aksturinn á Hafnarfjarðarvegi við Lækjarfit.“

Framangreind háttsemi er í ákæru talin varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997.

Í ákæru er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttar, skv. 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993, 2. gr. laga nr. 23/1998, 8. gr. laga nr. 84/2004 og 18. gr. laga nr. 66/2006.

Síðari ákæran er gefin út 24. ágúst 2007 en þar er ákærða gefið að sök „umferðarlagabrot, með því að hafa ekið bifreiðinni SU-228, miðvikudaginn 27. júní 2007, undir áhrifum áfengis, (vínandamagn í blóði 1,51%) um Fífuhammsveg í Kópavogi, uns lögregla stöðvaði bifreiðina á Fífuhammsvegi á móts við Dalsmára.

Er brotið á ákæruskjali talið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006.

Ákærði krefst í báðum tilvikum sýknu og málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda sínum sem verði greidd úr ríkissjóði.

I.

Ákæra 10. apríl 2007.

Í framburði sínum fyrir dómi kvað ákærði að hann hefði verið stöðvaður af lögreglu í umrætt sinn eða eins og hann orðaði það að „hann hefði lent í rassíu“ lögreglunnar. Ákærði staðfesti aðspurður að hann hefði verið stöðvaður í akstri og að hann hefði verið færður í beinu framhaldi á lögreglustöð þar sem honum hefði verið tekið blóð. Hann kvaðst ekki hafa drukkið áfengi fyrir eða eftir aksturinn, en taldi að hann hefði hugsanlega drukkið áfengi daginn áður, eða daginn fyrir það. Ákærði vísaði annars til skýrslu sem hann hefði gefið fyrir lögreglu.

Í málinu liggur fyrir skýrsla Loga Sigurjónssonar lögreglumanns. Í skýrslunni greinir að ökumaður bifreiðarinnar SU-228, ákærði, hafi verið stöðvaður í ölvunarakstursetfirliti á Hafnarfjarðarvegi við Lækjarfít þann 10. mars 2007 klukkan 22:00. Ákærði hafi verið beðinn um að blása í S-D2 öndunarmæli og hafi niðurstaða mælingarinnar verið 1,25%. Hafi ákærði verið handtekinn vegna gruns um ölvun við akstur og hafi tveir lögreglumenn fært hann á lögreglustöð fyrir varðstjóra. Er og skráð í skýrsluna að SPH-0201 varðstjóri hafi tekið framburðarskýrslu af ákærða vegna málsins og að klukkan 22:36 hafi nafngreindur læknir tekið blóðsýni úr ákærða en að ákærða hafi verið sleppt klukkan 22:40. Í framburði sínum fyrir dómi staðfesti Logi fyrrgreinda skýrslu sýna og skýrði svo frá að á umræddum tíma hefði hann ásamt öðrum lögreglumönnum verið í eftirliti með ölvunarakstri. Kvaðst vitnið muna eftir því að hafa stöðvað ákærða og hafa látið hann blása í öndunarmæli sem sýnt hafi jákvæða svörun. Hafi ákærði þá verið handtekinn en að kallaðir hafi verið til lögreglumenn úr Hafnarfirði sem fært hafi ákærða á lögreglustöð til skýrslutöku og til töku blóðsýnis. Kvaðst vitnið ekki hafa haft afskipti af þeim þætti málsins.

Í málinu liggur fyrir skýrsla Stefáns Þórs Hallgrímssonar varðstjóra, sögð tekin af ákærða. Er þar eftir ákærða haft að hann hafi verið að aka bifreið en hann neiti því að hafa verið að drekka áfengi og hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði hafi sagst vera að koma frá Hafnarfirði á leið í Fossvog og hafi lagt af stað um fimm mínútum áður en hann hafi verið stöðvaður. Þá hafi ákærði neitað að hafa drukkið áfengi eftir að akstri lauk. Einnig liggur fyrir í málinu beiðni lögreglu um töku blóðsýnis. Kemur þar fram að vottur að skráningu sýnanúmers hafi verið Ingvar Þ. Guðjónsson og jafnframt er sami maður vottur að blóðtöku. Þá kemur fram á skjalinu undirritun læknis þess sem blóðsýni tók og vottun sama læknis um rétt númer blóðsýnis. Er það sama númer og kemur fram í niðurstöðu rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði, en þar kemur fram sú niðurstaða að teknu tilliti til reiknaðs frávik að alkóhólmagn í blóðsýninu hafi verið 1,81%. Kristín Magnúsdóttir undirritar síðastnefnda skýrslu fyrir hönd rannsóknarstofunnar, en Kristín staðfesti undirritun sína á skýrsluna fyrir dómi og lýsti meðferð blóðsýna eftir að þau eru komin í hendur rannsóknarstofunnar.

Niðurstaða varðandi ákæru 10. apríl 2007:

Samkvæmt framburði vitnisins Ingvars var ákærði stöðvaður í akstri og látinn blása í SD-2 öndunarmæli sem sýndi 1,25%ó áfengismagn. Ákærði staðfesti að hann hefði í framhaldi verið færður beint á lögreglustöð og þar hafi honum verið tekið blóð. Ákærði vísaði um afstöðu sína til þeirrar skýrslu sem þar var af honum tekin. Læknir sá sem að blóðtöku stóð hefur undirritað blóðtökuvottorð, þar sem einnig er staðfest númer þess blóðsýnis sem um ræðir og ber því númeri saman við niðurstöðu rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði. Sakarneitun ákærða styðst eingöngu við fullyrðingu hans sjálfs um að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn. Þykir að framagreindu virtu komin fram lögfull sönnun þess að ákærði hafi í umrætt sinn gerst sekur um það brot sem honum er gefið að sök í ákæru og er þar réttilega heimfært til refsíákvæðis, en vínandamagn í blóðsýni reyndist eins og áður greinir vera 1,81 %ó, að teknu tilliti til 0,15%ó reiknaðs fráviks.

II.

Ákæra 24. ágúst 2007

Í frumskýrslu lögreglu, sem skráð er af Hermanni Páli Traustasyni, lögreglumanni kemur fram að hann hafi verið við eftirlit við Fífuhvamsveg í Kópvogi ásamt Jóhannesi Snævarr lögreglumanni, klukkan 13:00 þann 27. júní 2007, þegar þeir hafi veitt bifreiðinni SU-228 athygli. Kemur fram að ákærða, sem var ökumaður bifreiðarinnar, hafi verið gefið stöðvunarmerki. Þegar rætt hafi verið við hann hafi lagt mikla áfengislykt af vitum hans og hann því látinn blása í SD-2 öndunarmæli, sem sýnt hafi 2,4%ó. Í ljósi þessa hafi ákærði verið handtekinn og færður á lögreglustöð. Á lögreglustöð hafi ákærði verið látinn blása að nýju í öndunarmæli og hafi sú mæling sýnt 1,4%ó. Hermann Páll Traustason staðfesti skýrslu sína fyrir dómi. Einnig komu fyrir dóminn fyrrnefndur Jóhannes Snævarr, sem og eins og fyrr er fram komið Kristín Magnúsdóttir.

Ákærði neitaði sök varðandi þetta sakarefni einnig. Kvaðst hann að mestu vísa til þess sem eftir honum hafi verið haft í lögregluskýrslu. Ákærði kannaðist við að hafa verið stöðvaður í akstri, hafa verið færður á lögreglustöð, þar sem honum hafi verið tekið blóð.

Í niðurstöðuð rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði kemur fram að blóðsýni hafi reynst innihalda 1,51%ó alkóhóls að teknu tilliti til 0,15%ó reiknaðs fráviks.

Niðurstaða um ákæru 24. ágúst 2007.

Með sama hætti og varðandi hið fyrra sakarefni hefur ákærði engin rök eða gögn fært fram til stuðnings sakarneitun sinni annað en fullyrðingu sína um að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis umrætt sinn. Í málinu liggur fyrir alkóhólrannsókn á blóðsýni úr ákærða. Þá liggur fyrir að ákærði var í tvígang látinn blása í öndunarmæli, sem í bæði skipti sýndi jákvæða svörun. Skiptir engu í þessu sambandi þótt nokkur munur hafi verið á milli þeirra mælinga. Lögreglumenn þeir sem að rannsókn málsins komu og höfðu afskipti af ákærða komu fyrir dóminn og staðfestu skýrslur sínar. Verður af framangreindu talið sannað að ákærði hafi í

umrætt sinn gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og er þar réttilega heimfærð til refsíákvæðis.

III.

Samkvæmt sakavottorði ákærða sem fyrir liggur í málinu gerði hann 5. júlí 1999 sátt hjá sýslumanninum í Hafnarfirði um greiðslu sektar og sviptingu ökuréttar í 12 mánuði vegna ölvunaraksturs. Þá var hann sakfelldur í dómi 11. mars 2002 fyrir ölvunarakstur og dæmdur til greiðslu 160.000 króna sektar og til sviptingar ökuréttar í þrjú ár frá þeim degi að telja.

Er ákærði samkvæmt framansögðu sakfelldur nú fyrir ölvunarakstur í tvígang og er það í þriðja sinn sem hann hlýtur refsingu fyrir slík brot. Reyndist áfengismagn í blóði hans hið fyrra sinni 1,81‰ en 1,51‰ í hið síðara. Þykir refsing hans nú, með hliðsjón af þessu og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga. Fyrra brot ákærða sem hann nú er sakfelldur fyrir var framið áður en fimm ár voru liðin frá dómnum 11. mars 2002 og ber því í samræmi við 3. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 3. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að svipta ákærða ökurétti ævilangt.

Ákærði skal greiða sakarkostnað, sem samkvæmt yfirliti sækjanda nemur 50.074 krónum, sem og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar Þórs Guðmundssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin í samræmi við tímaskýrslu verjandans, 77.688 krónur og er virðisaukaskattur meðtalinn í þeirri fjárhæð.

Halldór Björnsson settur héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Ákærði, Ingólfur Flygenring, sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði 50.074 krónur í sakarkostnað og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar Þórs Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, 77.688 krónur.

Halldór Björnsson